

L Ö G

83

um viðauka við og breyting á lögum nr. 44 3. nóv. 1915, um sparisjóði.

26. apríl

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Péttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað 1. málsg. 6. gr. laganna komi:

Í stjórn hvers sparisjóðs mega ekki vera færri en 3 menn, og skal einn þeirra vera formaður. Reki sparisjóður almenna hlaupareiknings- og innheimtustarfsemi, skal stjórnin skipuð 5 mönnum. Sé sjóðurinn eign sýslu- eða bæjarfélags, skal stjórnin kosin af hlutaðeigandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu og stjórnin velja sér formann.

Stjórn sparisjóða, sem eru sjálfseignarstofnanir og hafa á hverjum tíma minnst ábyrgð 20 manna í kaupstöðum eða 12 manna utan kaupstaða, skal kosin þannig, að meiri hlutinn, 2 af 3 eða 3 af 5, skulu kosnir af ábyrgðarmönnum á aðalfundi sparisjóðsins, sem haldinn skal eigi síðar en í aprilmánuði ár hvert, hinir stjórnarmennirnir, 1 af 3 eða 2 af 5, skulu kosnir á sama tíma af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd. Hlutfallskosning skal viðhöfð, ef óskað er, þegar tvo eða fleiri skal kjósa.

Stjórn sparisjóða, sem eigi eru eign sýslu- eða bæjarfélaga eða félaga einstakra manna, og eigi heldur hafa ábyrgð svo margra manna, er í annari málsgrein segir, skal kosin af viðkomandi sýslunefnd eða bæjarstjórn með hlutfallskosningu.

Um kosningu í stjórn sparisjóða, sem eru eign hreppsfélaga eða félaga einstakra manna, fer sem fyrir er mælt í lögum eða reglugerðum viðkomandi sjóða.

Kosningar í sparisjóðsstjórnir gilda til eins árs. Stjórn sparisjóðs ræður starfsmenn hans og hefir umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

2. gr.

Aftan við 7. gr. laganna bætist:

Ekki mega þeir heldur reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

3. gr.

Á eftir orðunum „endurskoðunarmenn“ í upphafi 19. gr. laganna komi: kosnir til eins árs af viðkomandi bæjarstjórn eða sýslunefnd með hlutfallskosningu.

83

26. apríl

Nú er stjórn og endurskoðendur sparisjóðs ekki skipuð í samræmi við ákvæði þessara laga, og ber þá að kjósa lögmæta stjórn innan þriggja mánaða frá því að lögin öðlast gildi. Fjármálaráðherra getur þó veitt lengri frest, ef sérstaklega stendur á.

4. gr.

5. gr.

Fjármálaráðuneytið annast eftirlit með öllum sparisjóðum í landinu. Skal það hafa nákvæmt eftirlit með því, að starfsemi og rekstur sparisjóðanna og stjórn þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og önnur fyrirmæli, sem fylgja ber. Skal það annast um, að tafarlaust sé kippt í lag öllu því, sem ábótavant kann að vera, og getur það stöðvað rekstur sparisjóðs, ef ástæða þykir til, meðan ekki er bætt úr ágöllum. Ráðuneytið á heimtingu á því að fá aðgang að öllum skjölum og skilríkjum sparisjóðanna vegna eftirlitsins.

6. gr.

Kostnað þann, sem fjármálaráðuneytið kann að hafa vegna eftirlitsins, skal greiða úr rikissjóði, en sparisjóðir skulu endurgreiða rikissjóði kostnaðinn í hlutfalli við samanlagðar inn- og útborganir þeirra síðastliðið ár.

7. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 48 20. júní 1923, um eftirlitsmann með bönkum og sparisjóðum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 26. apríl 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.